

Fundargerð

Íþrótt- og tómstundanefnd - 266. fundur

haldinn í Lóninu Linnetsstíg 3,
14. mars 2018 og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Karólína Helga Símonardóttir aðalmaður
Guðbjörg Oddný Jónasdóttir aðalmaður
Elísabet Ólafsdóttir áheyrnarfulltrúi

Fundargerð ritaði: Geir Bjarnason, .

Birta Guðný Árnadóttir sat fundinn fyrir hönd Ungmennaráðs Hafnarfjarðar.
Stefán Már Gunnlaugsson sat fundinn fyrir hönd Foreldraráðs Hafnarfjarðar.

Dagskrá:

3. 1801364 - #metoo, íþrótt- og tómstundastarf

Unnið er að gerð óháðs fagráðs sem er ætlað að taka við erindum, ágreinings- og álitamálum frá íþrótt- og tómstundafélögum í Hafnarfirði varðandi mál sem tengjast ofbeldi, kynferðislegu ofbeldi, siðferðilegum álitamálum og eineltismálum.

Starfsemi þessa ráðs verði fest inn í samstarfsamning Íþróttabandalagsins og Hafnarfjarðarbæjar.

Önnur tómstundafélög munu einnig geta nýtt sér óháða fagráðið.

Búið er að bjóða ÍBH upp á námskeiðið Verndari barna sem Blátt áfram hefur haldið fyrir Hafnarfjarðarbæ í áraraðir þar sem er fjallað um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum.

4. 1611074 - Kynjajafnrétti í íþróttum

Hildur Þórarinsdóttir sem vann að gerð úttektarinnar kynnti helstu niðurstöður úttektarinnar.

5. 1801552 - Þjóðhátíðardagurinn 2018

Ungmennaráð hefur tilnefnt fullrúa sinn.

Vinna mun hefjast við undirbúning.

6. 1803101 - Ársreikningar, félaga- og iðkendatal aðildarfélaga ÍBH starfsárið 2016

Framkvæmdastjóri ÍBH kynnti yfirlit ársreikninga félaganna fyrir starfsárið 2016 og helstu lykiltölur.

Skýrslan sýnir nokkuð nákvæmar tölur sem sýna iðkendafjölda og umfang íþróttahreyfingarinnar í Hafnarfirði.

Framkvæmdastjóra er þökkun góð kynning.

1. 1509776 - Ungmennaráð, fundargerð

Fulltrúi Ungmennaráðs kynnti fundargerð nr. 133 þar sem haldið var ungmennapíng. Lögð fram leiðrétt fundargerð nr. 132.

Birta verður fulltrúi Ungmennaráðs í Þjóðhátíðarnefnd.

2. 1411359 - Ásvellir, starfshópur v/uppbyggingar 2015

Íþróttafulltrúi fór yfir stöðu framkvæmda. Stefnt er að opnun salarins 12. apríl en notkun hefjist fyrir páska.

Nefndin stefnir að því að skoða salinn í næstu viku.

7. 1510105 - ÍBH, fundargerð

Framkvæmdastjóri ÍBH kynnti síðustu fundargerð stjórnar ÍBH.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00.

Karólína Helga Símonardóttir
(n)
Elísabet Ólafsdóttir (sign)

Guðbjörg Oddný Jónasdóttir
(sign)
